



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 3. október 2019  
MÍ201909-0077/ 6.09 / G.G.G.

Umhverfis- og skipulagssvið  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280


### Efni: Dalsgarður Mosfellsbæ - deiliskipulagslýsing

Með bréfi dagsettu 15.8.2019 óskaði Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu fyrir deiliskipulag dagsettri 15.8.2019 unnin af Pétri Bolla Jóhannessyni arkitekt. Deiliskipulagssvæði nær til þriggja lóða og innan þess standa ús og mannvirki gróðrarstöðvarinnar Dalsgarðs.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki, vegna skipulags og framkvæmda. Minjastofnun Íslands hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 sem er að finna á vef Minjastofnunar. Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006 og fullnægir ekki kröfum núgildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012. Húsaskrá liggur ekki fyrir.

*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir frístundasvæði í landi Dalsgerðis í Mosfellsbæ skal endurskoðuð og uppfærð miðað við núgildandi staðla og reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Sýnilegar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Skrá skal hús og mannvirki í samræmi við staðla Minjastofnunar um skráningu vegna deiliskipulags.*

Virðingarfyllst,

  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Afrit sent:  
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:  
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar ([olafur@mos.is](mailto:olafur@mos.is))  
Lára Gunnarsdóttir ([lara@mos.is](mailto:lara@mos.is))

